

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022 (aukin réttindi foreldra), 146. mál.

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar, dags. 12. mars sl., um ofangreint mál á þingskjali 151. FA ítrekar umsögn sína sem skilað var inn á samráðsgátt stjórnvalda 1. október sl. og telur að sú umsögn eigi jafnvel við þá og nú. Fylgir hún því hér að neðan lítið breytt.

FA lýsir yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið, líkt og 2021 þegar frumvarpsdrög varðandi sorgarleyfi vegna barnsmissis voru til samráðs á samráðsgátt stjórnvalda, og urðu síðar að lögum.

Mikilvægt er fyrir starfsfólk að fá tíma til að syrgja og svigrúm til sorgarúrvinnslu til að auka líkur á farsælli endurkomu á vinnumarkað og koma í veg fyrir fjárhagsáhyggjur á meðan sorgarúrvinnslu stendur. Makamissir er meðal mestu áfalla sem fólk getur lent í og því mikilvægt að bæta því við lögum með þessu frumvarpi til að bæta stöðu eftirlifandi maka á erfiðum tímum.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur